

Fundargerð 38. fundar flugvirkarráðs

Fundur, haldinn í flugvirkarráði, fimmtudaginn 2. febrúar 2023 í húsaáskynnum Samgöngustofu kl. 13:30 – 15:00.

Viðstaddir: Jón Gunnar Jónsson (JGJ) frá Samgöngustofu, formaður, Friðfinnur Skaftason (FS), varaformaður, frá innviðaráðuneyti, Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir (GSR) frá Tollinum, Jón Pétur Jónsson (JPJ) frá landamæradeild ríkislögreglustjóra, Gunnar Schram (GS) frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum, Anna Bjarnadóttir (ABB) frá Isavia, Tjörvi Einarsson (TE) frá Þjóðskrá, Kristín Helga Markúsdóttir (KHM) og Ómar Sveinsson fundarritari frá Samgöngustofu.

Í gegnum fjarfundarbúnað: Guðrún Aspelund, sóttvarnarlæknir (GA), Brynjar Júlíus Pétursson (BJP) frá Útlendingastofnun, og María Pálsdóttir (MP), frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum.

Fjarverandi: Júlía Þorvaldsdóttir (JP) frá Þjóðskrá, Hrund Hólm (HH) frá MAST

1. Dagskrá
2. Kynning á nýju ráði og hlutverki þess
3. Fundargerð síðasta fundar
4. Það helsta sem er að gerast í flugvirkt á alþjóðlegum vettvangi
5. Atburðir sem áhrif höfðu á allt flug vegna veður – lokun Reykjanesbrautar / skýrsla frá Isavia
6. Staða innleiðingar á komu- og brottfararkerfisins
7. Fundur með hagaðilum (flugrekendum) í febrúar
8. Staðan á uppfærslu vegna breytinga á viðbót 29 við viðauka 9
9. Flugvirkaráætlun 2023 (uppfærð drög)
10. Önnur mál

JGJ frá Samgöngustofu opnaði fundinn með nýju flugvirkarráði og fór yfir hlutverk ráðsins og efni ICAO viðauka 9. Síðan kynntu aðilar sig og sínar stofnanir.

3. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

4. KHM frá Samgöngustofu kynnti það helsta sem er að gerast í flugvirkt á alþjóðavettvangi, sjá viðhengi. Þá nefndi hún nýja kröfu í loftferðalögum um landsáætlun um aðstoða við aðstandendur flugslýsa. Samgöngustofa í samtali við Innviðaráðuneytið vegna málsins.

TE frá Þjóðskrá sagði frá fundi í New Tech Working Group og væntanlegu nýju íslensku nafnskríteini sem munu virka sem ferðaskilríki innan Schengen svæðisins.

5. ABB frá Isavia kynnti skýrslu sem Isavia hefur gert vegna viðbragða við lokun Reykjanesbrautar, hvað hafi verið gert og hvað megi bæta. Sjá viðhengi.

GS frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum, sagði frá ástandi í komusal þessa daga í desember. Veðurspá hafi gengið eftir en ekki afleiðingaspá. Vegagerðin hafi ekki nægileg úrræði. Lögreglan hafi haft 4 til 6 lögreglumenn í salnum, en upplýsingagjöf hafi verið léleg og kallkerfi bilað. Litlu hafi munað að til upppota kæmi.

6. JPJ frá Landamæradeild Ríkislögreglustjóra sagði frá innleiðingu á EES (Exit Entry System) forskráningarkerfi fyrir komu- og brottfarir. Innleiðing á kerfinu hafi verið seinkað um 9 mánuði í Evrópu vegna þess að miðlæga kerfi Evrópusambandsins er ekki tilbúið, auk þess eru margir flugvellir ekki tilbúnir til að taka upp kerfið. Allt sé tilbúið á Íslandi en samstarf þurfi með hagsmunaaðilum. Um sé að ræða íþyngjandi verkefni fyrir flugrekendur og því þurfi samtal.

7. Rætt var um að bjóða hagsmunaaðilum á næsta fund Flugvirkarráðs. Þá helst flugrekendum og þjónustuaðilum á flugvöllinum. Ákveða þurfi hverjum eigi að bjóða.

8. JGJ frá Samgöngustofu fór yfir viðbót 29 við viðauka 9 og hvernig gengi að uppfylla kröfur samkvæmt viðbótinni. Það verklag yrði tekið upp að aðilar ráðsins tilnefni tengiliði sem klári málið með ritara ráðsins.

9. JGJ frá Samgöngustofu kynnti flugvirkjaráætlun fyrir árið 2023. Það þurfi hver að fara yfir sitt og athuga hvort það sé rétt, þetta sé aðallega handavinna.

10. Næsti fundur fyrir páska.

REKSTRARSKERÐING VEGNA ÓVEÐURS
19.-20.DES 2022


SAMANTEKT FYRIR SAMSTARFSADILA



Anna Björk Bjarnadóttir

ATBURÐURINN

- / Mikil snjókoma frá 17. des leiddi til ófærðar á öllu Reykjanesi 19.-20. des
- / Engar veðurspár eða veðurfræðingar spáðu fyrir um afleiðingar þessa veðurs
- / Um 1.500 manns voru fastir í FLE þegar mest var
- / Markmiðið þegar Reykjanesbraut lokast var að sinna
 - grunnþörfum þeirra sem voru fastir
 - veita upplýsingar um stöðuna
 - viðhalda rekstri (mönnun)
 - samræma og samhæfa aðgerðir



LYKILÁKVARÐANIR OG VENDINGAR

- / Samráð var gott í aðdraganda 19. des, stjórnkerfi Isavia virkt með samráði við hagaðila.
- / Vegagerðin ráðfærði reglulega að opna vegi 19. des
 - reynt að hafa fylgdir, gekk ekki
 - alltaf alveg að leysast úr þessu
- / Birgðir voru nægar í komusal fram yfir hádegi 19. des (J&J opið til um 17:30)
- / Brottflutningur
 - 14:30 var ljóst að ekki yrði opnað > ákveðið að flytja fólk til Reykjavíkur
 - rýming hófst upp úr kl. 16:20 - lokið að mestu 21:30 - 29 rútur
 - mikilvæg og góð ákvörðun en úrlausn hennar olli söfnun fólks við erfiðar aðstæður í komusal
 - eftir á er ljóst að við hefðum átt að framkvæma með öðrum hætti
 - fólk fór að safnast saman í komusal 16:30 vegna flutninga
 - mestur mannfjöldi er frá 17:00-21:30



LYKILÁKVARÐANIR OG VENDINGAR

- / 20-21 Sprinkler kerfi gefur sig í hurð sem notuð var út í rútur
- / 01:00 Flutningum lokið, allir farnir úr flugstöð sem vilja
 - 350 manns eftir, flestir á transit
- / 500 farþegar koma með flugi frá USA 20. des
 - Ícelandair flytur fólk með flugi á BIRK
- / Reykjanesbraut opnar endanlega kl. 13:00 þann 20. des
- / Endurheimt gekk að mestu vel
 - aðstæður á bílastæðum erfiðar miðað við þau tæki og tól sem til staðar voru
 - umferðarstjórnun áskorun



RÝNI OF FUNDIR Í KJÖLFAR ATBURÐAR

- / 22. des Rafræn rýnikönnun
 - stjórnendur og hagaðilar
- / 04. jan Starfshópur innviðaráðherra
 - v. Reykjanesbrautar
- / 05. jan Innri rýni fundur
 - Stjórnendur Isavia
- / 05. jan Sendiráð UK, USA, CA
- / 10. jan Rýni með hagaðilum
 - flugvallarsamfélagið
- / 12. jan Ytri rýni með AVD
- / Innri rýni samkvæmt verklagi Isavia
- / Góðir fundir, eðlilega mikið að ræða og ólíkar skoðanir á hlutverkum
- / Aðgerðastjórn Suðurnesja hefur ekki rýnt aðgerðina svo vitað sé



NIÐURSTÖÐUR

- / Náðum ekki öllum markmiðum
 - bæta þarf aðbúnað í húsinu með viðbúnaðarbrettum fyrir grunnþarfir
 - skoða mannvirki með tilliti til kulda og aðbúnaðar
 - teknar réttar ákvarðanir um að flytja fólk í burtu, það var gert á réttum tíma en tók of langan tíma
- / Starfsfólk Isavia með rétt hugarfar, allir hjálpuðust að í krefjandi aðstæðum
- / Þjónustuaðilar og flugfélög voru lítið til staðar bæði á gólfi og svo til samráðs og samhæfingar
- / Samráð virkaði ágætlega í aðdraganda, afleiðingar veðurs ekki fyrir séðar
 - vantar betri verkfæri til samhæfingar og skjölunar s.s. aðgerðagrunn, ferilvöktun á fólki, samræmd fjarskipti – SMS.
 - skipulag við stækkun umfangs
 - þurfum að vera með samhæfingu sem nær til allra, alltaf, í gegnum APOC. Ekki allir boðaðir í dag sem voru boðaðir í gær
- / Upplýsingamiðlun
 - ábótavant hjá öllum
 - þurfum samræmdari nálgun í upplýsingagjöf.
 - bæta kallkerfi og upplýsingaskjái
 - ytri miðlar Isavia vannýttir



MIKILVÆGUSTU VERKEFNI ISAVIA

- / Efla APOC
 - / Sameiginleg verkfæri í aðgerðum
 - / Upplýsingamiðlun
 - / Neyðarbirgðir og aðhlynning
 - / Starfsmenn – utanumhald og aðstaða
 - / Ytra stjórnkerfið - laga tengingar
-
- / Gekk vel við krefjandi aðstæður út frá þeim björgum sem voru til staðar



Komusalur 17:00 19. des







Samgöngustofa

Flugvirktarráð

Fundur 2. febrúar 2023

Dagskrá fundar

- Kynning á nýju ráði og hlutverki þess
- Fundargerð síðasta fundar
- Það helsta sem er að gerast í flugvirkt á alþjóðlegum vettvangi
- Atburðir sem áhrif höfðu á allt flug vegna veður – lokun Reykjanesbrautar / skýrsla frá Isavia
- Staða innleiðingar á komu- og brottfararkerfisins
- Fundur með hagaðilum (flugrekendum) í febrúar
- Staðan á uppfærslu vegna breytinga á viðbót 29 við viðauka 9
- Flugvirktaráætlun 2023 (uppfærð drög)
- Önnur mál



Flugvirktarráð



Hlutverk ráðsins

Hlutverk ráðsins er m.a.: að samhæfa og samræma starfsemi þeirra opinberu aðila og annarra sem koma að afgreiðslu eða þjónustu við loftför, farþega, farangur og farm á flugvöllum til þess að einfalda formsatriði og greiða fyrir flutningi og afgreiðslu þeirra þannig að flutningur geti gengið snurðulaust fyrir sig.

Ráðið skal leitast við að leysa úr ágreiningi milli opinberra aðila er varða úrlausnatriði sem hefur áhrif á rekstur alþjóðlegs almenningsflugs. Ráðið skal samræma innleiðingu og breytingar á reglum sem varða flugvirkt eins og kostur er og eiga um það samráð við hagsmunaaðila.

Þá skal ráðið hafa umsjón með og ber ábyrgð á að gerð verði sérstök áætlun um framkvæmd flugvirktar sem miði að því að bæta úr og fullnægja kröfum sem samræmast skuldbindingum ríkisins sem af viðauka 9 leiðir eins og þær eru á hverjum tíma. Tillögur ráðsins sem leiða til aukins kostnaðar fyrir rekstraraðila flugvalla og aukinnar gjaldtöku af flugrekstraraðilum skulu teknar til umfjöllunar hjá notendanefnd flugvallar áður en þær eru endanlega afgreiddar.


Ráðið getur fjallað um einstök mál sem ráðherra beinir til þess er varða flugvirkt.



Skipan flugvirktarráðs

- Jón Gunnar Jónsson, formaður, fulltrúi innviðaráðherra,
- Friðfinnur Skaftason, varaformaður, fulltrúi innviðaráðherra,
- Hrund Hólm, fulltrúi Matvælastofnunar,
- Anna Björk Bjarnadóttir, fulltrúi Isavia ohf.,
- Guðrún Aspelund, fulltrúi Embættis landlæknis,
- Brynjar Júlíus Pétursson, fulltrúi Útlendingastofnunar,
- Guðrún Sólveig Ríkarðsdóttir, fulltrúi Ríkisskattstjóra,
- Jón Pétur Jónsson, tilnefndur af Embætti ríkislögreglustjóra,
- Gunnar Schram, tilnefndur af Lögreglunni á Suðurnesjum,
- Júlía Þorvaldsdóttir, tilnefnd af Þjóðskrá Íslands.





Fundur með hagaðilum

- Tilgangur fundarins
- Tímasetning og staður
- Þátttaka hagaðila
- Efni fundar
 - breytingar í regluverki
 - samstarf aðila
 - nýjar áskoranir
 - tækifæri til umbóta
 - annað?

Flugvirktar- áætlun 2023



Endurskoðun flugvirktaráætlunar 2023

- Inngangur
- Kafli I – Tilgangur og markmið flugvirktaráætlunar Íslands allar ábendingar athugasemdir vel þagnar
- Kafli II – Lagarammi ráðið skiptir með sér verkum eftir málefnum
- Kafli III – Skipulag og stjórnun á flugvirktaráætlun Íslands ráðið skoðar saman og uppfærir eftir þörfum
- Kafli IV – skilgreining ábyrgðar/hlutverkaskipting einstakir fulltrúar í ráðinu skoða sinn hluta og uppfæra

Miðað er við að áætlunin verði tilbúin fyrir lok apríl ef mögulegt.





Flugvirkarráðsfundur

2. febrúar 2023

Kristín Helga Markúsdóttir, framkvæmdastjóri

ECAC: samtök evrópska flugmála yfirvalda

- ECAC stofnað árið 1955
- 44 aðildarríki
- Unnið að þróun öruggra, skilvirkra og sjálfbærra flugsamgangna innan Evrópu
- Leitast við að samræma stefnu og starfshætti á milli aðildarríkjanna og stuðla að gagnkvæmum skilningi
- Undirnefndir ECAC sem SGS tekur þátt í er m.a. FAL cmt.



ECAC - FAL fundur 9. og 10. nóvember

- Síðasti fundur haldinn dagana 9 og 10. nóvember sl. – næsti verður í apríl
- EES/ETIAS kerfið um “smart borders”. Umræður og áhyggjur varðandi innleiðingu
- “Unruly passenger”. Áhersla lögð á framfylgni



FAL fundur

- Vandamál með farangur á flugvöllum að leysast en enn vöntun á starfsfólki í security
- Facilitation og PRM úttektir á flugvöllum – gátlisti
- Misræmi í regluverki EU gagnvart afhendingu gagna um farþega til þriðju ríkja. Hótanir Brasilíu um sektir á flugrekendur
- Tillaga um að senda út könnun um “assistance dogs” hefur verið svarað.



FAL fundur 9. og 10. nóvember

- Staðan í flugheiminum gagnvart covid – sóttvarnaraðgerðir felldar brott hjá flestum Evrópuríkjum – nýjar ákvarðanir hjá tilteknum EU ríkjum varðandi kröfur á farþega frá Kína
- Takmarkanir á fjölda flugrekenda á flugvöllum – Unnið er að því að útfæra takmarkanir á flugi - þ.e. þannig að markmið ákvörðunar hollenskra stjórnvalda náist sem er að fækka fjölda hreyfinga á Schiphol niður í 440.000 á ári (úr 550.000). Ákvörðunin kemur til framkvæmda í lok árs 2023



FAL fundir

- Næsti FAL fundur í apríl 2023
- Fundir innan ECAC, samtaka flugmálastjórna eru almennt tveir á ári, annar fjarfundur en hinn í persónu.





Takk fyrir

